
17. stjórnarfundur Leiknar, föstudaginn 16. nóvember 2007 kl. 9.00 – 10.30.
Fundurinn var haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðusta fundar.
2. Heimasíða Leiknar – kynning á henni
3. Meðferð aðsendra gagna
4. Norræni samstarfsfundurinn í Stokkhólmi 25.- 26. október 2007 - kynning
5. Félagsfundur og málþing
6. Önnur mál.

Mætt: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Smári Haraldsson. Hildur Elín Vignir, Emil Björnsson og Björg Árnadóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðusta fundar.

Athugasemd barst við 1. lið fundargerðarinnar, um var að ræða samþykkt tveggja fundargerða, 14. og 15. stjórnarfunda. Fundargerðarbók finnst ekki en Smári tekur að sér að hafa upp á henni.

2. Heimasíða Leiknar – tilboð og útlit.

Smári kynnti nýju heimasíðuna sem ætlunin er að opna formlega á félagsfundi. Stjórnarmenn skoðuðu heimasíðuna og koma með ýmsar ábendingar um hvað betur mætti fara, t.d. stafsetningavillur. Ytri vefur heimasíðunnar er bara upplýsingavefur en innri vefurinn þar sem allir aðilar hafa aðgang að á að vera lifandi. Rætt var um þann möguleika að birta fréttir á heimasíðunni en ákveðið að bíða með það og sjá hvernig til tekst.

3. Meðferð aðsendra gagna

Smári upplýsti að Leikn fái mikið af upplýsingum um ýmsa viðburði, ráðstefnur, fundi, samstarfsverkefni og annað sem tengist málaflokknum. Ákveðið að nota innra netið til að koma þessum upplýsingum á framfæri.

4. Norræni samstarfsfundurinn í Stokkhólmi 25.- 26.október 2007.

Smári upplýsti að Emil hefði farið á samstarfsfundinn. Fram kom að hann hefði sent gögn en þar sem Emil boðaði forföll mun hann kynna þetta næst. Ákveðið að setja upplýsingar um þennan fund á innra netið.

6. Félagsfundur og málþing

John Steen Johansen er kominn. Einungis 17 hafa skráð sig á málþingið og ekkert hefur verið fjallað um þetta málþingið í fjölmiðlum, þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því og bæði blaðamönnum og fréttastjórum verið sendar upplýsingar um málþingið. Einnig var blaðamönnum boðið á málþingið.

Fram kom að NVL greiðir fyrir John Steen fargjald og uppihald. Ekki er búið að ganga frá greiðslu dagpeninga en verið er að vinna í því. Samþykkt að Leikn greiði John þóknun og dagpeninga.

Smári upplýsti um hvað ætti að ræða á félagsfundi, þ.e. opnun heimasíðu Leiknar og samstarf fullorðinsfræðsluaðila.

Fram kom að mikilvægi samstarfs og brýnt væri að finna flöt á samstarfinu. Á heimasíðunni er umræðuvefur þar sem menn geta skipst á skoðunum um málefni fullorðinsfræðslunnar.

6. Önnur mál.

Málefni ABF í Norden.

Hulda er formaður stjórnar ABF í Norden . Hún sagðist myndu leggja það til á fundi stjórnarinnar að flytja umsjón með starfseminni frá Danmörkku til Svíþjóðar.

Fundi var slitið kl. 10.30

Anna Guðrún Edvardsdóttir, starfsmaður ritaði fundargerð.